



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**127. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Æðarhöfða 36, 270 Mosfellsbæ, föstudaginn 3. maí 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Lovísa Björg Traustadóttir, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, Ingvar Arnarson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 3 alþjóðleg samkeppnishæfni - 2404017

Framhald frá 125. og 126. fundi þar sem nefndin fór yfir aðgerðir sem falla undir framangreint leiðarljós. Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 29. apríl 2024 ásamt tillögu að aðgerðum til áframhaldandi skoðunar á fundinum.

Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna úr umræðum fundarins og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar fyrir Coda Terminal - 2404011

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Hafnarfjarðarbæjar um ofangreint dags. 11. apríl 2024. Á fundinum var farið yfir helstu gögn málsins.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillöguna en bent á að framkvæmdar- og eftirlitsaðilar meti og vakti heildrænt áhrif framkvæmdanna á höfuðborgarsvæðið m.t.t. vatnsverndar og jarðhræringa sbr. niðurstöður umhverfismats.

3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 7. júní nk. sem verður síðasti fundur fyrir sumarfrí.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026